

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 552 9899, 563 0325, 563 0300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

5. fundur stjórnar L.H. (símafundur) haldinn 13. mars 1997.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Birgir Sigurjónsson, Guðbrandur Kjartansson, Jón Bergsson, Sigbjörn Björnsson, Halldór Gunnarsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Birgir R Gunnarsson, Sigurður Þórhallsson. (Sigurgeir Bárðarson var erlendis).

Eitt mál var á dagskrá fundarins - Umfjöllun um drög að viðmiðum er varða aðstöðu og búnað á þeim stöðum á landinu þar sem landsmótum hestamannafélaga er valinn staður hverju sinni. Þá var og ræddur spurningalisti er snertir ákvarðanatöku um staðarval landsmóta sem Sigurður P. hafði tekið saman.

Vinnuhópur stjórnar L.H. (Birgir R, Sigurgeir, Sigurður P.) höfðu fyrir fundinn tekið saman drög að viðmiðum og sent stjórnarmönnum. Á meðan drögin voru í smíðum var Sigurður P. í sambandi við stjórnarmenn varðandi gerð þeirra.

Drögin voru rædd ítarlega og voru stjórnarmenn sammála um að í drögunum kæmu fram flest atriði sem máli skipta. Smávægilega athugasemdir komu fram og verður drögunum breytt samkvæmt því.

Þeir landsmótsstaðir sem nú eru til staðar eru mismunandi hvað varðar mannvirki, velli og aðra aðstöðu.

Með tilliti til þessa eru stjórnarmenn sammála um að ákveðinn sveigjanleiki þurfi að vera hvað viðmiðin varða og ekki síður hitt að frumkvæði og góðar hugmyndir heimamanna á hverjum stað fái notið sín þegar undirbúningur að landsmóti fer fram.

Stjórn L.H. lítur því á viðmiðin sem lágmarkskröfur í þessum efnum. Fundurinn ákvað að fela formanni og framkvæmdastjóra L.H. að ganga endanlega frá viðmiðunum og senda til þeirra fjögurra aðila sem nú þegar hafa óskað eftir að halda landsmót árin 2000 og 2002.

Helstu atriði viðmiðanna snerta eftirfarandi;

velli og áhorfendasvæði, húsrými ýmiskonar, raf- og símalagnir, bílastæði, stóðhestahús, haga og girðingar, hreinlætisaðstöðu, tjaldsvæði og gistiðstöðu, tölvumál, fjölmöla og útvarp, aðstöðu fyrir lögreglu og neyðaraðstoð, dýralæknir o.fl.

Fjallað var um spurningalista Sigurðar P. og ákveðið að breyta þar áherslum, en að öðru leyti yrði listinn sendur út. (sjá nánar miðmið og bréf sem sent verður þeim aðilum sem sótt hafa um að halda landsmót árin 2000 og 2002).

Á fundinum var gerð eftirfarandi bókun:

Undirbúningur stjórnar L.H. og viðræður við þá aðila sem sóttu um að halda landsmót árin 2000 og 2002 taka lengri tíma en ráögert var. Einnig þurfa upplýsingar og fjárhagslegur grunnur að liggja betur fyrir en áður svo og hugsanlegur stuðningur sveitarfélaga.

Í ljósi þess hve vanda þarf til, áskilur stjórn L.H. sér allan rétt til að fresta ákvarðanatöku um val á landsmótsstað fyrir árin 2000 og 2002 til 1. júní 1997 þrátt fyrir samþykkt síðasta ársþings.

Ef umsækjendur hafa eitthvað við þessa ákvörðun að athuga, þá vinsamlega hafið samband við framkvæmdastjóra L.H.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 22:20.

Halldór Gunnarsson ritaði þessa fundargerð.